



Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. fundar: 17.9.25	Tími: 13:15	
Fundarboðari: Kristín Erna Arnardóttir	Fundarritari: Jakobína Þórðadóttir	Staður: Grand hóteli, Háteigi

Dagskrá:

1. Spjall formanns um nýtt trúnaðarmannaráð og fleira
2. Áskoranir í almannabjónustu, Kolbeinn Stefánsson doktor í efnahagsfélagsfræði Félldniður
3. Sex mánaða uppgjör félagssjóðs og orlofssjóðs
4. Skrifstofuhornið - Fræðslutækifæri trúnaðarmanna
5. Kjarahornið - Launtöfluauki
6. Stöðvavinna
 - Reyndir trúnaðarmenn miðla af sínum viskubrunni
 - Kjara- og réttindamál
 - Styrkir
 - Orlofskostir
 - Nefndarstarf
7. Önnur mál

1. Spjall formanns um nýtt trúnaðarmannaráð og fleira

Kári Sigurðsson, formaður Sameykis, setti fund í trúnaðarmannaráði í dag. Hann fór yfir dagskrá fundarinnis, en Kolbeinn Stefánsson forfallaðist þar sem hann var boðaður á fund forsætisráðherra.

Kári sagði að félagið ætli að styrkja samtalið við félagsfólk í Sameyki og að það væri nauðsynlegt að ræða mál opinbers starfsfólks því undanfarið hefur verið vegið að starfsfólki því ríkisstjórnin hyggst skerða réttindi opinberra starfsmanna með því að afnema lögbundin réttindi opinberra starfsmanna.

Þá sagði hann það skipti máli að félagið nái betur til ungs fólks en stærsti hópurinn innan félagsins er á milli 20-30 ára. „Það er mitt hjartans mál að ná til ungs fólks. Það ætlum við að gera út á við með því að efla Instagram og hefja



notkun á TikTok samfélagsmiðlinum. Þegar litið er Inn á við höfum við eftt skrifstofuna með því að endurskipuleggja félagið og ráðið inn fleira starfsfólk svo þjónustan við félagsfólk verði betri.“

Kári sagði frá því að laganefnd væri að störfum ætla þau að kynna tillögur laganefndar á næsta trúnaðarmannaráðsfundi í nóvember. Hann hvatti trúnaðarmenn til þess að kynna sér löginn til þess að koma með ábendingar um lagabreytingar fyrir næsta aðalfund. „Við þurfum að opna félagið og við gerum það t.d. með því að breyta lögum félagsins.

Kári hvatti trúnaðarmenn til að sækja fundi og vera enn virkari í starfi félagsins.

Hann talaði um umbun sem er greidd fyrir það að starfa sem trúnaðarmaður fyrir Sameykis og hygðist stjórn félagsins breyta fyrirkomulagi um umbun til trúnaðarmanna, þannig að hluti af umbun fái allir trúnaðarmenn en hluti greiðslunnar verði fyrir þá trúnaðarmenn sem hafa sótt eða sækja á þessum vetri Nýliðafræðslu og námskeið um starfssemi Sameykis og túlkun kjarasamninga. Einnig er fyrirhugað að greiðsla verði færð frá desember til maí, þannig að hún fylgi kjörtímabilinu sem trúnaðarmaður starfar.

Kári sagði frá því að stjórn félagsins hafi í hyggju að breyta fyrirkomulagi vegna árlegrar umbunar til trúnaðarmanna sem greidd hefur verið í desember ár hvert. Breytingin felur í sér að ákveðin grunnupphæð er greidd til allra en trúnaðarmenn sem sækja Nýliðafræðslu og námskeið um starfssemi Sameykis og túlkun kjarasamninga fá hærri greiðslu sem er greidd í einu lagi í maí.

Orðið var gefið frjálst og trúnaðarmönnum sem voru í sal, og þeim sem mættir voru í gegnum fjarfundarbúnað, fleiri á fundinum voru samþykkir því að fylgja tillögu stjórnar um nýtt fyrirkomulag að greiða umbun fyrir störf þeirra í maí í stað desember eins og áður.

2. Sex mánaða uppgjör félagssjóðs og orlofssjóðs

Gunnsteinn R. Ómarsson, framkvæmdastjóri Sameykis, fór yfir sex mánaða uppgjör félagssjóðs og orlofssjóðs hjá Sameykis. Hann sagði að þessir sjóðir stæðu vel og fjárhagsáætlunin væri í jafnvægi.

Gunnsteinn segir reksturinn er í góðu jafnvægi, en í svona hálfis árs yfirliti má gera ráð fyrir einhverjum sveiflum í áætlunum. Við erum í 42 prósentum í félagssjóði í væntri afkomu samkvæmt fjárhagsáætluninni en miðgildið er 50 prósent. Í orlofssjóð stendur prósentan í 62 af væntri afkomu samkvæmt fjárhagsáætlun. Útleiga orlofshúsa hefur aukist sem er afar ánægjulegt. Þrátt fyrir aukinn kostnað vegna nýrra orlofshúsa og mikillar uppbyggingar stendur orlofssjóður vel.

3. Skrifstofuhornið - Fræðslutækifæri trúnaðarmanna

Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri Sameykis, kynnti fræðslumál félagsins fyrir trúnaðarmönnum. Hún nefndi að færniþættir framtíðar ríma vel við hlutverk



trúnaðarmannsins. Jóhanna sagði að í boði er fyrir félagsfólk töluvert mikið nám sem það getur sótt sér eftir ýmsum leiðum; staðnám, fjárnám, vefnámskeið og með blandaðri aðferð með staðbundnum hætti og með fjarfundabúnaði. Þá sagði hún frá samstarfi Sameykis í fræðslumálum við Félagsmálaskóla alþýðu, Fræðslusetrið Starfsmenn og BSRB.

4. Kjarahornið – Launöfluauki

Ingólfur Björgvin Jónsson, deildarstjóri kjaradeidar Sameykis, fjallaði um launatöfluaukann. Samið var um launatöfluauka í síðustu kjarasamningum sem er í raun launaþróunartrygging, álíka og kauptaxtauki á almennum vinnumarkaði, sem bregst við launaþróuninni milli vinnumarkaða. Með þessari launaþróunartryggingu á opinberum vinnumarkaði mun síður verða hætt á að laun opinberra starfsmanna dragist aftur úr launum starfsfólks á almenna vinnumarkaðnum. „Launatöfluaukinn kemur til hækkunar á samningstímanum. Við erum búin að klára flestalla kjarasamninga þar sem launatöfluauki kemur til kastanna, Um er að ræða hækkanir hjá ríkisstarfsmönnum. Hjá Reykjavík eru þessar breytingar á launatöflunni sjálfvirkar og samið var um í kjarasamningum. Við sjáum líka hjá sveitarfélögum að um er að ræða svipaðar hækkanir í launatöflum í kjarasamningum þar og eru hjá ríkinu,“ sagði Ingólfur um launatöfluaukann og bætti við: „Við höldum að við eigum inni 0,3 prósent hækkun í launatöflum hjá Reykjavíkurborg og við munum alveg pottþétt taka upp þessar viðræður í næstu kjarasamningum við borgina,“ sagði Ingólfur að lokum.

5. Stöðvavinna

Eftir kaffihlé fóru trúnaðarmenn á milli borða eða „stöðva“ þar sem trúnaðarmenn fóru á milli borða og ræddu tiltekin mál á þrem borðum voru reyndir trúnaðarmenn, á þrem borðum voru rædd kjara- og réttindamál, á tveimur borðum voru ræddir Styrkir, orlofskostir voru ræddir á tveimur borðum, nefndarstarf rætt á tveimur borðum auk þess voru sömu málefni rædd á fjarfundi.

6. Önnur mál

Enginn kvaðs sér hljóðs undir önnur mál.

Formaður Sameykis þakkaði trúnaðarmönnum félagsins fyrir góða þátttöku og uppbyggilegar umræður og sleit fundi kl. 15.45